Jarðarfarir



Guðlaug Sigmundsdóttir frá Gunnhildargerði lést 26. október. Hún var fædd 19. apríl 1895, dóttir hjónanna Guðrúnar Sigfúsdóttur og Sigmundar Jónssonar. Hún giftist Pétri Sigurðssyni, en hann lést árið 1955. Þau hjónin eignuðust átta börn. Útför Guðlaugar verður gerð frá Fossvogskirkju í dag kl. 13.30.

Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, Hraunbæ 22, Reykjavík, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 10. nóvember kl. 13.30.

Útför **Ragnhildar Steinunnar Maríusdóttur,** Heiðarhvammi 1, Keflavík, verður gerð frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 9. nóvember kl. 14.

Arthur Emil Aanes vélstjóri, Efstasundi 12, verður jarðsunginn föstudaginn 11. nóvember kl. 13.30 frá Fossvogskirkju.

Magnús Loftsson bifreiðastjóri, Hamraborg 32, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 9. nóvember og hefst athöfnin kl. 13.30.

Andlát

Eyjólfur Einar Eyfells Þórsson bifvélavirki, Laugarnesvegi 83, Reykjavík, lést á Landakotsspítala 4. nóvember.

Valgerður Hjördís Sigurðardóttir, Álftahólum 2, andaðist á Landspítalanum að morgni sunnudagsins 6. nóvember.

Sigurður Ámundason frá Þverholtum, Þórólfsgötu 7a, er látinn.

Bjarni Markússon, matsveinn frá Rofabæ, Meðallandi, Laugarnesvegi 76, lést á Landspítalanum 5. nóvember.

Fundir

Kvenfélag Kópavogs

heldur félagsfund fimmtudaginn 10. nóv. nk. kl. 20.30 í félagsheimilinu. Gestur fundarins verður frú Guðrún Waage með kynningu og sölusýningu frá versluninni Silkiblómið.

JC Kópavogur

3. félagsfundur JC Kópavogs verður haldinn í dag þriðjudaginn 8. nóvember kl. 20.30 að Hamraborg 1, 3. hæð. Gestur fundarins verður Jóna Ingibjörg Jónsdóttir frá Kynfræðslustöðinni. Fundurinn er öllum opin. Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka með sér gesti.

Opinn fundur hjá ITC Melkorku

verður haldinn þann 9. nóvember kl. 20 í menningarmiðstöðinni Gerðubergi, Breiðholti. Fundarstef: Maður lifir á meðan maður lærir. Gestir velkomnir. Upplýsingasími 46751.

Kvenfélag Fríkirkjunnar í Reykjavík

heldur basar og hlutaveltu nk. laugardag að Laufásvegi 13, Betaníu. Velunnarar félagsins eru beðnir að koma munum þangað nk. fimmtudag og föstudag eftir kl. 17.

Tilkynningar

Aðstoðarmaður Steingríms ráðinn

Jón Sveinsson lögfræðingur hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra. Jón Sveinsson er fæddur 7. júlí 1950, lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1976, starfaði síðan sem dómarafulltrúi við embætti bæjarfógetans á Akranesi til 1980 en hefur eftir það rekið þar lögfræðiskrifstofu. Jón varð héraðsdómslögmaður 1979. Hann hefur átt sæti í bæjarstjórn og bæjarráði Akraness, auk ýmissa nefnda og stjórna á vegum kaupstaðarins. Þá hefur Jón gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Framsóknarflokkinn, átt sæti í framkvæmdastjórn og miðstjórn og varaþingmaður flokksins í Vesturlandskjördæmi var hann á árunum 1979–1987. Eiginkona Jóns er Guðrún Magnúsdóttir kennari og eiga þau fjögur börn.

Álfaborg eykur við starfsemi sína

Nú í haust jók Álfaborg hf. við starfsemi sína er það keypti húsgagnaverslun Nýborgar hf. sem var í sama húsnæði í Skútuvogi 4. Álfaborg hf. hóf rekstur sinn 1986 er það keypti byggingavörudeild Nýborgar hf. og er það því 2 ára um þessar mundir. Fram til þessa hefur fyrirtækið aðallega verslað með ákveðnar byggingarvörur. Nýlega byrjaði Álfaborg hf. að selja hreinlætistæki og býður nú upp á gott úrval vandaðra tækja. Hefur nú einnig verið lagt talsvert í breytingar í sýningarsal verslunarinnar og er þar margt sem gæti eflaust glatt augað. Munu báðar verslanirnar verða áfram á sama stað í Skútuvogi 4.

Hallgrímskirkja – starf aldraðra

Á morgun, miðvikudag, verður opið hús í safnaðarsal kirkjunnar og hefst kl. 14.30. Dagskrá: Vestur-íslensku prestshjónin sr. Erik og Svava Sigmar munu segja frá og syngja.
Föstsnyrting og hágreiðsla eru hvern þriðjudag og föstudag.

Skafmiðar fylgja Vikunni í tilefni 50 ára afmælis

Vikan fagnar 50 ára afmæli sínu í nóvember. Fyrsta tölublaðið kom út 17. nóvember 1938. Vikan hefur átt miklum vinsældum að fagna frá upphafi og í síðustu lesendakönnun, sem framkvæmd var af Félagsvísindastofnun fyrir auglýsendur, reyndust 54% aðspurðra lesa blaðið og kom það næst á eftir Húsum & híbýlum að vinsældum. Nýútkomið tölublað Vikunnar er að verulegum hluta tileinkað hálfrar aldar afmælinu, sem og næsta tölublað. Í tilefni af afmælinu dreifir Vikan gjöfum til lesenda sinna. Eitt þúsund lesendur fá gjafir sem eru samanlagt að verðmæti ein og hálf milljón króna. Er gjöfunum útdeilt með skafmiðum sem fylgja fjórum tölublöðum. Enginn getur þó leyst út afmælisgjöfina án þess að geta sagt til um felustað Arkarinnar hans Nóa sem nú leynist í vikunni á nýjan leik.

Tapað fundið

Brúnt seðlaveski tapaðist

Gamalt brúnt seðlaveski tapaðist sl. fimmtudagsmorgun, líklega á leið frá Hveragerði til Reykjavíkur. Í veskinu voru skilríki og peningar. Skilvís finnandi vinsamlegast skili því til lögreglunnar. Fundarlaun.

Tónleikar

Háskólatónleikar

Anders Josephsson baríton og Anna Guðný Guðmundsdóttir pianóleikari koma fram á þriðju háskólatónleikum haustmisseris sem haldnir verða í Norræna húsinu miðvikudaginn 9. nóvember kl. 12.30. Á efnisskránni verða „Dýrabókin eða fylgdarlið Orfeifs" eftir Poulenc og „Úr vísum Eiríks konungs" eftir Ture Rangström.



SMÁAUGLÝSINGAR
OPIÐ!
Mánudaga – föstudaga, 9.00 – 22.00
Laugardaga, 9.00 – 14.00
Sunnudaga, 18.00 – 22.00
DV
Þverholti 11
s: 27022

Menning

DV

Þar sem allt gerist á dúknum

Um sýningu á verkum Snorra Arinbjarnar

Það fylgir því undarleg tilfinning að ganga inn í Hótel Holiday Inn, þar sem marmari og harðviður tjá velsæld og óráðsíu hins nýja Íslands, til að berja augum verk eftir helsta myndskáld íslensku kreppuáranna, Snorra Arinbjarnar.

Víst er að annað umhverfi hefði hæft betur þessum hógværa listamanni sem tjáði sig öllum öðrum betur um „fegurð hins fábrotnasta á daglegri vegferð okkar, um sanngildi þeirra hluta sem eru oft hvað léttvægastir fundnir á vogaskál gullsins", svo notuð séu orð Björns Th. Björnssonar.

En meðan verk Snorra eru ekki að staðaldri aðgengileg annars staðar tekur maður sérhverri sýningu á verkum hans með þökkum, þó svo hún hangi uppi á nærbuxnalitum veggjum niðri í kjallara á Hótel Holiday Inn.

Sundurleit

Á sýningunni eru alls 64 verk, málverk, vatnslitamyndir, túss- og blýantsteikningar úr safni föðurbróður hans, Harðar Arinbjarnar. Spanna þau tímabilið frá 1920, áður en Snorri hélt utan til náms, til 1950, en sem kunnugt er lést listamaðurinn árið 1958.

Þetta er að vísu allsundurleit sýning og eru sum verkin á mörkum þess að vera sýningarhæf. Hér á ég til að mynda við afstrakt-stemmur Snorra sem ganga engan veginn upp hvernig sem á þær er litið. Þó hafa þær auðvitað sögulegt gildi.

En inn á milli eru nokkrar perlur sem sérhvert íslenskt safn gæti verið fullsæmt af. Vil ég sérstaklega benda á þrjár sjálfsmyndir frá



Snorri Arinbjarnar – sjálfsmynd.

c. 1928, þegar þeir Snorri og Þorvaldur Skúlason höfðu bundist vináttuböndum og eggjuðu hvor annan til dáða, og vatnslitamyndir frá fyrstu árum listamannsins í Osló,

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

c. 1929–30, gerðar í hlýjum, jarðbundnum litum.

Það orð fór ævinlega af Snorra að hann ætti í vandræðum með „að fylgja línu", svo notuð séu orð hans sjálfs, það er að undirbyggja málverk sín og vantslitaverk traustri teikningu.

Frjálslega og án ábyrgðar

Vissulega bera nokkur verk á þessari sýningu þess merki. En Snorra tókst hins vegar að snúa þeirri ávöntun sér í hag með því að teikna og byggja upp myndir sínar með litnum einum. Þannig fer að áhorfandinn horfir fram hjá eilítið stirðlegri samsetningu margra mynda hans og lætur hrífast af vörmum, þunglyndislegum litblæ þeirra.

Þetta á við um nokkrar vatnslitamyndir af innanstokksmunum sem hér er að finna (t.d. nr. 12 & 14).

En þegar Snorri taldi sér ekki skylt að „fylgja línu", heldur skissaði frjálslega og án ábyrgðar, þá kviknaði heldur betur líf í dráttlist hans. Þetta sést ekki síst í léttum skopteikningum frá Kaupmannahöfn (nr. 17, 19 & 34) sem fanga andstæðurnar í dönsku þjóðlífi í þann mund sem kreppan reið yfir af fullum þunga.

Þessi litla sýning gefur tæplega tilefni til vandlegrar úttektar á myndlist Snorra Arinbjarnar. En hún minnir hins vegar á að tímabært er orðið að gera slíka úttekt á verkum hans, annað tveggja í formi bókar eða veglegrar yfirlitssýningar. Það mætti gera árið 1991, á 90 ára afmæli listamannsins.

Þangað til verðum við að láta okkur nægja þesssa litlu sýningu í Hótel Holiday Inn en henni lýkur þann 13 nóv. nk.

-AI

Septemberfólk í haustferð

– um sýningu Septem á Kjarvalsstöðum

Fyrir rúmum fjörutíu árum ollu svonefndar Septembersýningar talsverðu uppþoti hér í bæ. Þarna kom fram breiður og samhentur hópur listamanna undir merkjum frjálsrar abstraktlistar en Svavar Guðnason var þá búinn að undirbúa jarðveginn með sýningu sem hann hélt tveimur árum áður. Eftir að danskir Cobramálarar sýndu hér árið 1948 varð ekki aftur snúið. Það var enginn maður með mönnum nema hann væri að hálfu óhlutbundinn og að hálfu frumstæður. Valtýr Pétursson var einn af frumkvöðlum Septembersýninganna, þá nýkominn utan úr hinum stóra heimi með allar nýjustu hræringarnar í farteskinu. Segja má að Valtýr hafi öðrum fremur kynnt geómetríska abstraktlist hér á landi og þar með stuðlað að þeim straumhvörfum sem urðu í upphafi sjötta áratugarins frá frjálsu abstrakti yfir í reglubundið. Jafnvel þótt síðasta Septembersýningin hafi verið haldin 1952 þá blómstraði geómetrían sem aldrei fyrr næstu árin þar á eftir. Hápunktinn má e.t.v. telja hitamálið sem spannst í kringum val þátttakenda á Rómarsýninguna 1955. Með vasklegri framgöngu og samheldni tryggðu geómetríumálararnir sig þá í sessi sem gjaldgengir fulltrúar íslenskrar samtímalistar. En upp úr

Myndlist


Ólafur Engilbertsson

því fóru menn hver í sína áttina, þótt ýmsir, eins og t.d. Þorvaldur Skúlason og Karl Kvaran, héldu áfram uppi merkjum strangflatarins. Valtýr Pétursson hófst handa við mósaík og fór svo að mála hlutbundið. Má segja að hann hafi því endað þar sem flestir formbyltingarmenn byrjuðu.

Septem-hópurinn var stofnaður árið 1974 að tilstuðlan Valtýs. Kjarni þess hóps tók þátt í Septembersýningunum í upphafi sjötta áratugarins. Nú hefur hópurinn opnað sýningu á Kjarvalsstöðum og er hún tileinkuð minningu Valtýs Péturssonar. Þeir sem þarna eiga verk auk Valtýs eru þau Guðmunda Andrésdóttir, Kristján Davíðsson, Hafsteinn Austmann, Jóhannes Jóhannesson og Guðmundur Benediktsson.

Það verður að segjast eins og er að septemberfólkið má muna sinn fífil fegri. Þarna er jú lofsverður vitnisburður um fólk sem heldur ótrautt áfram á sinni braut hvað sem tautar, en því miður er afraksturinn ekki nema svipur hjá sjón hjá flestum. Hafsteinn Austmann er þó óneitanlega að gera hressilega hluti. Myndir eins og Haustferð (nr. 42), Bygging (nr. 43) og Ljósbrot (nr. 46) eru kraftmiklar í uppbyggingu og minna á tjargaðar skektur í brimi. Guðmundur Benediktsson virðist vera farinn að nostra aðeins of mikið við viðinn og bronsmyndirnar eru ekki eins margræðar hjá honum og áður. Jóhannes og Guðmunda eru á svipuðu róli og þau voru fyrir þrjátíu árum og er það vel, en tæknin er ekki sú sama. Kristján Davíðsson er ljóðrænn og óformlegur sem fyrr en striðnin virðist næstum gufuð upp hjá honum eins og flestum samsýnenda hans. Þessi sýning er e.t.v. helst minnisstæð vegna yfirlitsins yfir feril Valtýs. Það yfirlit hefði þó mátt vera miklu ítarlegra og meira af verkum frá fyrstu árum hans við trönurnar sem undirrituðum sýnist hafa verið langsamlega hugmyndaríkust og djörfust.

-ÓE



Bygging eftir Hafstein Austman.